


Uppsetningar- og
notkunarleiðbeiningar

Handfrjáls innistöð
1280 ..

GIRA

Lýsing á búnaðinum

Handfrjálsta innistöðin er hluti af Gira dýrasímakerfinu og samanstendur af eftirfarandi hlutum:




- 1 Samskiptaeyning
- 2 Tengikapall fyrir hljóð
- 3 Talgrunnur
- 4 Rammi
(fylgir ekki með)
- 5 Hátalari
- 6 Stjórnhnappur
fyrir handfrjálsta innistöð



Athugið

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

Handfrjálsa innistöðin er sett upp í tveimur venjulegum innfelldum veggdósum:




1. Tengjið samskiptaeininguna:
Tengið tveggja víra Bus við BUS-klemmurnar og ef þörf krefur einnig leiðslur hæðarkallhnappsins við klemmurnar "ET".
2. Stingið tengikaplinum fyrir hljóð í samband við annað kerfistengið á samskiptaeiningunni.
3. Leiðið tengikapalinn fyrir hljóð í efri innfelldu veggdósina og setjið samskiptaeininguna í neðri innfelldu veggdósina.
4. Stingið tengikaplinum fyrir hljóð í samband við annað kerfistengið á talgrunninum.
5. Komið talgrunninum fyrir.
6. Setjið rammann á og stingið svo stjórnhnappinum og hátalaranum á innfelldu grunneiningarnar.

Búnaðurinn tekinn í notkun

Þegar allur búnaðurinn (úti- og innistöðvar, stýrieining o.s.frv.) hefur verið settur upp er hægt að taka dyrasímakerfið í notkun. Leiðbeiningar um það er að finna í kerfishandbókinni sem fylgir með stýrieiningunni.


Notkun

Stjórnhnappur





Eftirfarandi aðgerðir eru framkvæmdar með stjórnhnappinum:

Hringingu svarað

Við innhringingu blikkar ljósdíóðan  í tvær mínútur.



Stutt er snöggt á hnappinn  til þess að tala við þann sem stendur við útistöðina. Meðan á samtalinu stendur logar ljósdíóðan  stöðugt.






Hámarkslengd samtals

Hámarkslengd samtals er 2 mínútur. Að þessum tíma liðnum er samtalinu sjálfkrafa slitið.

Sjálfstýring tekin af tímabundið



Ef umhverfisljóð við útistöð eru svo há að ekki er lengur tryggt að greint sé sjálfkrafa hvort talað sé við útistöð eða innistöð er hægt að taka sjálfstýringuna af tímabundið.




Það er gert með því að halda hnappinum  inni á meðan talað er. Á meðan hnappinum er haldið inni er eingöngu hægt að tala frá innistöð til útistöðvar. Opnað er aftur fyrir tal frá útistöð með því að sleppa hnappinum .

Lagt á



Lagt er á með því að styðja á hnappinn . Ljósdióðan  slokknar.


Dyr opnaðar




Styðjið á hnappinn .

Ef um fleiri en einar dyr er að ræða verða innan tveggja mínútna send boð til hurðaopnarans hjá útistöðinni sem kallið kom frá. Skipt er aftur yfir á aðaldyr tveimur mínútum eftir að kallið berst eða 30 sekúndum eftir að lagt er á.

Ljós kveikt (aðeins með rofaliða)



Stutt er á hnappinn  til þess að kveikja ljós (t.d. útiljós eða ljós í stigagangi).

Hljóðstyrkur tals stilltur

Hægt er að breyta hljóðstyrk tals í fimm þrepum meðan á samtali stendur.



Stutt er á "+" til þess að auka hljóðstyrkinn.



Stutt er á "-" til þess að minnka hljóðstyrkinn.

Hljóðstyrkur hringingar stilltur

Hægt er að breyta hljóðstyrk hringingar í fimm þrepum þegar ekkert samtal er í gangi.





Stutt er á "+" til þess að auka hljóðstyrkinn.





Stutt er á "-" til þess að minnka hljóðstyrkinn.


Slökkt/kveikt á hringitóni



Stutt er á hnapp  til þess að slökka á hringitóninum.

Þegar slökkt er á hringitóninum logar ljósdíóðan  stöðugt.



Stutt er aftur á hnapp  til þess að kveikja á hringitóninum.

Ljósdíóðan  slokknar.




Slökkið ekki á hringitóninum nema þess þurfi

Ekki má slökka á hringitóninum nema í undantekningartilvikum. Annars er hættu á því að hringingin heyrst ekki, til dæmis í neyð.


Hringitónn valinn


Handfrjálsa innistöðin býður upp á fimm mismunandi hringitóna sem hægt er að tengja við kallhnappa útistöðvarinnar, innanhússkallhnappa annarra innistöðva eða hæðarkallhnappinn. Þannig getur hver íbúi á heimili (t.d. foreldrar og börn) fengið sinn eigin kallhnapp á útistöð með eigin hringitóni. Hringitónninn er stilltur með eftirfarandi hætti:

M. Meier



1. Spilið hringitóninn sem á að breyta með því að styðja á kallhnappinn sem hringitónninn er tengdur við.



2. Til þess að breyta hringitóninum sem síðast var spilaður er hnappinum  á innistöðinni haldið inni og **um leið** stutt á



- hnappinn "+" til þess að velja næsta hringitón á eftir eða

- hnappinn "-" til þess að velja næsta hringitón á undan.



1 2 3 4 5

✓ Stillt er á nýjan hringitón í hvert sinn sem hnöppunum "-" og "+" er beitt.



Athugið

Þegar tengingum kallhnappa við innistöðina er eytt eru samsvarandi hringitónar endurstilltir á verksmiðjustillingu.

Sjálfstýring hurðaopnara

Sjálfstýring hurðaopnara er m.a. notuð á læknastofum, ef virkja á hurðaopnarann sjálfkrafa u.þ.b. 4 sekúndum eftir að stutt er á kallhnapp á útistöð. Ef fleiri en ein útistöð er í dyrasímakerfinu virkar sjálfstýringin á hurðaopnarann á útistöðinni sem hringt var á.





Pessi möguleiki er ekki virkur í verksmiðjustillingu


Til þess að hægt sé að nota sjálfstýringu hurðaopnara verður að virkja þennan möguleika þegar búnaðurinn er tekinn í notkun. Nánari upplýsingar er að finna í kerfishandbókinni.

Kveikt á sjálfstýringu hurðaopnara

3 s



1. Haldið hnöppunum  og  báðum inni í einu í um 3 sekúndur til þess að kveikja á sjálfstýringu hurðaopnara.



✓ Þegar kveikt er á sjálfstýringu hurðaopnara logar ljósdíóðan  stöðugt.


Hurðaopnarinn er þá virkjaður sjálfkrafa þegar hringt er við dyr.

Slökkt á sjálfstýringu hurðaopnara

3 s



1. Haldið hnöppunum  og  báðum inni í einu í um 3 sekúndur til þess að slökka á sjálfstýringu hurðaopnara.

✓ Ljósdíóðan  slökknar.



Virgni eftir rafmagnsleysi

Eftir rafmagnsleysi er slökkt á sjálfstýringu hurðaopnara.

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme
Postfach 1220
42461 Radevormwald
Deutschland
Tel +49 (0) 21 95 / 602 - 0
Fax +49 (0) 21 95 / 602 - 191
www.gira.de
info@gira.de

22/11

GIRA